



WHATSAPP



Samskiptamiðill sem er svipaður og Messenger en byggir á símanúmerum en ekki samfélagsmiðlareikningum




Hægt er að senda texta- og raddskilaboð, myndir, myndbönd, radd- og myndsímtöl



Miðillinn verður sífellt vinsælli meðal barna og ungmenna á Íslandi og eru dæmi um að hópspjöll bekkja og íþróttaliða fari fram á WhatsApp



Hver sem er getur sent þér skilaboð eða bætt þér í hópa á WhatsApp ef hann er með símanúmerið þitt - hægt er að stilla svo aðeins tengiliðir geti bætt þér í hóp





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

47%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

34%

WhatsApp er skilaboðaforrit í eigu Meta. Með því er hægt að vera í samskiptum í gegnum einkaskilboð, hópspjöll, radd- og myndsímtöl.

3 staðreyndir um WhatsApp



Býður upp á samskipti við ókunnuga

Ólíkt Messenger þá er WhatsApp tengt símanúmerum notenda. Þetta þýðir að hver sá sem er með símanúmer notandans getur haft samband við hann í gegnum forritið, nema öryggisstillingar takmarki það.



Skilaboð í WhatsApp eru dulkóðuð

WhatsApp dulkóðar einkaskilaboð sem þýðir að einungis sendandi og móttakandi geta lesið skilaboðin. Dulkóðunin eykur friðhelgi einkalífs notenda, en takmarkar jafnframt möguleika foreldra til að fylgjast með samskiptum barna sinna í forritinu.



WhatsApp halar sjálfkrafa niður efni sem notandi fær sent

Þetta þýðir að börn geta fengið í hendurnar mikið magn efnis á skömmum tíma sem appið hleður sjálfkrafa niður. Slíkt niðurhal getur kostað farsímagögn (e. Mobile data) og getur efnið verið óviðeigandi eða jafnvel skaðlegt. Hægt er að koma í veg fyrir þetta með því að breyta niðurrhals- og geymslustillingum (e. Storage and data settings)